

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 6. nóvember 1986

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 71/795/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi baksýnispepla á vélknúnum ökutækjum

(86/562/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 80/1267/EBE ⁽²⁾, einkum 11. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 71/127/EBE frá 1. mars 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi baksýnispepla á vélknúnum ökutækjum ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 85/205/EBE ⁽⁴⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Allir baksýnispeglar sem fá EBE-gerðarviðurkenningu íhluta eftir 1. október 1986 skulu bera merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta með raðnúmerinu 02. Raðnúmer 01 má ennþá nota fyrir spegla af tegund I, II og III eins lengi og kröfurnar fyrir þessar þrjár tegundir baksýnispepla haldast óbreyttar.

Margir baksýnispeglar eru með varnarhlíf úr plasti og breyting á merki gerðarviðurkenningar íhluta í einn tölustaf getur haft í för með sér miklar ef ekki algerar breytingar á mótunarbúnaðinum sem notaður er. Kostnaður við slíkar breytingar væri í miklu ósamræmi við upphafleg markmið.

Aðferðirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir til að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 71/127/EBE:

1. Eftirfarandi er bætt við í enda liðar 4.2 í 2. viðbæti í II. viðauka:

„Raðnúmerinu 01 má þó halda fyrir baksýnispepla af tegund I, II og III ef kröfurnar fyrir þessar þrjár tegundir spegla haldast óbreyttar.“

2. Eftirfarandi nýr liður 1.3 bætist við III. viðauka:

„1.3. Ökutæki sem hafa verið EBE-gerðarviðurkennd hvað varðar uppsetningu baksýnispepla í samræmi við þessa tilskipun mega algerlega eða að hluta vera með baksýnispepla af tegund I, II eða III sem eru með í merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta raðnúmerið 01 með því skilyrði að kröfurnar fyrir þessar þrjár tegundir spegla haldist óbreyttar.“

2. gr.

Aðildarríkjunum ber að samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1986. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. nóvember 1986.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

COCKFIELD

varaforseti.⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 375, 21. 12. 1980, bls. 34.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 68, 22. 3. 1971, bls. 1.⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 90, 29. 3. 1985, bls. 1.